

Ólöf Kristín Daníelsdóttir

Frá: Árný Guðrún Ólafsdóttir - THS <arny.gudrun.olafsdottir@skra.is>
Sent: föstudagur, 13. ágúst 2021 14:45
Efni: 2021050775 - Alþingiskosningar 2021 og útgáfa kjörskrárstofns

Flokkar: Vistað í OneCRM; 2106039
One: -1

From: kosningar@skra.is
Sent: 13. ágúst 2021 13:26
To: Árný Guðrún Ólafsdóttir - THS <arny.gudrun.olafsdottir@skra.is>
Subject: 2021050775 - Alþingiskosningar 2021 og útgáfa kjörskrárstofns

Sæl verið þið

Laugardaginn 21. ágúst 2021 er viðmiðunardagur kjörskrár vegna Alþingiskosninganna sem fram fara þann 25. september næst komandi.

Samkvæmt a lið 1. mgr. 23 gr. laga um kosningar til Alþingis er viðmiðunardagur kjörskrárstofns 5 vikum fyrir kjördag sem þýðir að viðmiðunardagur að þessu sinni er 21. ágúst 2021 eða eftir rétt rúma viku.

Allri vinnslu í Kjördeildarkerfi, þar sem raðað er niður á kjörstaði og kjördeildir, þarf að vera lokið fyrir 20. ágúst nk.

Prentútgáfa kjörskrárstofns verður tilbúin í kringum 26. ágúst nk. Ykkur mun berast annar póstur með nánari upplýsingum um það þegar frekari upplýsingar liggja fyrir.

Kjörskrárstofninn verður prentaður í 3 eintökum eins og vant er. **Þeir sem vilja fleiri eintök þurfa að óska eftir því tímanlega, í síðasta lagi 20. ágúst nk., við undirritaða á netfangið arny.gudrun.olafsdottir@skra.is**

Þeir sem vilja **sækja sín eintök í afgreiðslu Þjóðskrár í Borgartún 21, Reykjavík** er velkomið að gera það en þá þarf að hafa meðferðis umboð sem staðfestir að viðkomandi hafi heimild sveitarfélagsins til þess að sækja kjörskrárstofninn og framvísa skilríkjum. Endilega látið undirritaða vita ef þið viljið sækja.

Kosningarétt við Alþingiskosningar þann 25. September nk. eiga allir íslenskir ríkisborgarar sem náð hafa 18 ára aldri á kjördag og sem skráðir eru með lögheimili hér á landi. Íslenskir ríkisborgarar sem náð hafa 18 ára aldri og flutt hafa erlendis eiga kosningarétt í 8 ár frá flutningnum. Eftir þann tíma þurfa þessir aðilar að sækja um að vera teknir á kjörskrá hjá Þjóðskrá. Ef viðkomandi er ekki með gilda umsókn, 8 ár eru liðin frá flutningi og engin umsókn barst fyrir 1. desember 2020 er viðkomandi ekki á kjörskrá.

Kjósendur eru á kjörskrá í því sveitarfélagi þar sem þeir eiga skráð lögheimili á viðmiðunardegi, þ.e. fimm vikum fyrir kjördag, þann 21. ágúst 2021. Flutningur lögheimilis eftir þann tíma breytir ekki skráningu á kjörskrá.

Stefnt er að því að opnað verði fyrir uppflettingu í kjörskrárstofni á "Hvar á ég að kjósa" þriðjudaginn 24. ágúst nk.

Kveðja / Best regards

Árný Guðrún Ólafsdóttir
Sérfræðingur / Specialist
Þjónusta og samskipti



Þjóðskrá / Registers Iceland
Borgartúni 21, 105 Reykjavík Iceland
Sími/Tel: +354 515 5300 | www.skra.is

[Um ábyrgð varðandi tölvupóst / Disclaimer](#)